



Nefndarsvið Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 141/1066
komudagur 13.12.2012

Reykjavík, 10. desember 2012
EBG/hó

Efni. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vörugjald, nr. 97/1987, og tollalögum, nr. 88/2005, á 141. löggjafarþingi, þskj. 611 - 473. mál
Tilv. 2012120004

Frumvarpið var sent Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi, dags. 7. desember 2012.

Síðastliðið voru skipaðir tveir starfshópar sem fengu það verkefni að gera tillögur tillögur um breytingar sem æskilegt væri að gera á núverandi fyrirkomulagi á vörugjöldum. Annar hópurinn fjallaði um vörugjald á matvæli og hinn um vörugjöld á aðrar vörur en matvæli. Markmið beggja starfshópanna átti að vera að gera kerfið einfaldara, samræmt, skilvirkt og hlutlaust með tilliti til vöruvals, nema þar sem stjórnvöld vildu hafa áhrif á neysluhætti, t.d. vegna mannelis-, umhverfis- eða öryggissjónarmiða, eins og segir í skipunarbréfum hópanna.


Í skipunarbréfunum kom jafnframt fram að ekki stæði til að draga úr tekjum ríkisins af vörugjöldum. Starfshópur um endurskoðun vörugjalda á aðrar vörur en matvæli skilaði skýrslu sinni til ráðherra þann 27. september 2012. Bændasamtökin gera ekki athugasemdir við breytingartillögur sem byggja á þeirri skýrslu.

Bændasamtök Íslands vilja hins vegar koma á framfæri óánægju sinni með allan þann máltilbúnað sem stendur að baki vinnu fjármálaráðuneytisins við breytingar á lögum um vörugjöld að því er varðar matvæli. Að mati fulltrúa Bændasamtaka Íslands í þessum starfshópi snerist starf hópsins að litlu leyti um lagfæringar á vörugjaldskerfinu, heldur miklu frekar um að rökstyðja gjaldheimtu af sykri frá lýðheilsusjónarmiðum og þar með aukna innheimtu vörugjalda eins og fram kemur í fjárlagafrumvarpi ársins 2013. Í ofanálag er þess getið í fjárlagafrumvarpinu, og haft eftir ráðuneytinu í frétt í Morgunblaðinu, að tillögur um vörugjaldshækkanir séu frá starfshópnum komnar. Það er fjarri öllu sanni og skal það áréttað hér. Í þessu frumvarpi segir að starfshópurinn hafi ekki lokið störfum og fyrirsjáanlegt sé að áframhaldandi starf hans muni ekki leiða til sameiginlegrar niðurstöðu eða tillagna. Í raun hefur starfshópurinn hætt störfum að öðru leyti en því að samráð mun enn vera í gangi gagnvart þeim sem hafa hagsmuni af fyrirkomulagi á innheimtu gjaldsins.

Bændasamtök Íslands leggja áherslu á að innheimta vörugjalda leiði ekki til mismununar milli innfluttra vara og innlendrar framleiðslu þannig að álagning vörugjalda leiði til lakari samkeppnisstöðu þeirrar innlendu. Aðgerðir sem þessar þurfa að miða að því að styrkja innlenda framleiðslu, stuðla að lýðheilsu og fjölbreytni í íslenskri matvælaframleiðslu.

Virðingarfyllt

f.h. Bændasamtaka Íslands



Elías Blöndal Guðjónsson